

**Nd.**

**434. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um að fresta veitingu nokkurra embætta.

Frá Aug. Flygenring og Þórarni Jónssyni.

1. Tillögugreinina skal orða svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti og sýslanir, sem losna og hún telur unt að komast af án, fyrir en Alþingi hefir gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um niðurlagning þeirra eða sameining við annað embætti eða sýslan.

2. Fyrirsögnina skal orða svo:

Tillaga til þingsályktunar um frestun embættaveitinga og sýslana.